

**Samningur  
milli  
Eflingar stéttarfélags  
og  
Samtaka atvinnulífsins  
vegna Hf. Eimskipafélags Íslands.  
um hafnarvinnu  
á félagssvæði Eflingar-stéttarfélags**

## 1.0. Gildissvið

1.1 Samningur þessi er sérsamningur um vinnu félagsmanna Eflingar - stéttarfélags í þágu vöruafgreiðslna Eimskipafélagsins á samningssvæði félagsins.

Með hafnarvinnu er átt við fermingu og affermingu skipa, vöruafgreiðslu svo og alla meðferð á vöru í landi.

1.2. Hafnarstarfsmenn, sem ráðnir eru skv. samningi þessum verði ekki sendir út fyrir starfssvæði viðkomandi skipafélags til að pakka húsbúnaði eða ganga í önnur störf, sem eru flutningastarfsemi fyrirtækisins óviðkomandi, nema með samþykki viðkomandi.

1.3. Félagsmenn Eflingar - stéttarfélags hafa forgangsrétt til allrar hafnarvinnu í samræmi við ákvæði VI. kafla aðalsamnings Eflingar – stéttarfélags og SA.

## 2.0. Almenn ákvæði.

2.1. Heimilt er að kveða til hæfilega marga menn til að undirbúa skip, farm og tæki, þannig að vinna geti hafist við losun og lestun við venjulegt upphaf vinnudags. Fyrir framangreind störf verði greitt fyrir unninn tíma, þó aldrei skemur en 2 klst. á yfirvinnutaxta.

2.2. Sérstakir frídagar (mánudag til föstudags) greiðast með yfirvinnukaupi auk fastra dagvinnulauna.

2.3. Þar sem ekki er unnið á vöktum eiga starfsmenn kost á því að breyta unnum yfirvinnutíma í frí á dagvinnutímabili á þann hátt, að ein klst. í yfirvinnu jafngildir 1,8 klst. í dagvinnu (8 klst. dagvinna svarar til 4,44 klst. yfirvinnu). Óskum um slíka frídaga skal koma á framfæri við verkstjóra eigi síðar en á hádegi næsta unninn dag á undan. Komi fram óskir frá fleirum en hægt er að verða við, til þess að sinna nauðsynlegum verkefnum daginn eftir, skal verkstjóri láta þá ganga fyrir sem lengst hafa unnið í undangenginni viku

2.4. Stjórnendur ákveða skiptingu yfirvinnu hverju sinni milli einstakra starfsmanna og starfshópa. Leitast skal við að jafna yfirvinnu milli starfsmanna svo sem kostur er, hvort heldur sem er í vaktavinnu eða almennri vinnu. Trúnaðarmenn hafa rétt til að fylgjast með framkvæmd þessa ákvæðis.

## 3.0. Vaktavinna.

3.1. Heimilt er að setja á vaktir mánudaga til föstudaga, er taki til hluta eða allra starfsmanna. Vakt skal ekki vera lengri en 12 klst. og ekki skemmri en 4 klst. Hver vakt skal unnin í samfelldri heild.

3.2. Hvert vakttímabil skal hefjast á mánudegi. Það verði styst 4 vikur, en 10 sólarhringa fyrirvara skal hafa við upptöku vakta og 2 vikur við slit vakta. Á

16/8

Heið  
JH

það jafnt við einstaklinga sem hópa. Hafa skal 4 vikna fyrirvara á slitum vakta einstaklinga og hópa hafi viðkomandi verið á vakt í 12 mánuði eða meira.

3.3. Sérstakir frídagar (mánudaga - föstudaga) greiðast með yfirvinnukaupi auk fastra dagvinnulauna með vaktaálagi.

3.4. Neysluhlé á 8 klst. vakt er 50 mínútur en hlutfallslega styttra eða lengra á styttri eða lengri vakt. Neysluhléi má skipta í tvennt með samkomulagi á milli starfsmanna og stjórnenda.

3.5. Í vaktavinnu greiðist álag á dagvinnugrunn á þann hluta 40 stunda vinnu að meðaltali á viku sem fellur utan dagvinnutímabils og auk þess 13 mínútur á hvora vakt á yfirvinnukaupi vegna vaktaskipta:

36% álag á tímabilinu kl. 16:00 – kl. 24:00 mánudaga til föstudaga.

55% álag á tímabilinu frá kl. 00:00 – kl. 08:00 mánudaga til föstudaga.

Vaktaálag á tímabilinu 00:00 – 08:00 mánudaga til föstudaga hækki úr 55% í 60% séu vaktir skipulagðar í þrjá mánuði eða skemur.

Greiðsla vaktaálags og vaktaskiptagjalds miða við órofa vinnu frá upphafi til loka vaktar, að frátöldum neysluhléum, og koma m.a. í stað þvottatíma og miðast við að vinna stöðvist ekki við vaktaskipti.

Vaktaskiptin fari þannig fram að sem minnst truflun verði á starfsemi og í samráði á milli stjórnenda og starfsmanna. Þurfi starfsmenn að hafa fataskipti skulu þeir gera það í eigin tíma áður en vinnutími hefst og eftir að vinnutíma er lokið.

Framkvæma skal framangreind ákvæði um vaktaálag og vaktaskiptagjald með mánaðarlegri jafnaðargreiðslu.

3.6. Öll vinna vaktavinnnumanna í fullu starfi umfram 40 stundir að meðaltali á viku greiðist sem yfirvinna.

3.7. Ef vaktavinnmenn eru kallaðir út til aukavinnu skal það tilkynnt á miðri vakt.

## 4.0. Dagvinna / dagvakt

4.1. Vinnutími er samfelldur og að jafnaði frá kl. 07:55 - 16:00 mánudaga til föstudaga. Upphaf daglegs vinnutíma getur þó verið breytilegt fyrir alla eða einstaka verkþætti á tímabilinu kl. 07:00 til 08:00, enda ákvarði vinnuveitandi slíka skipan til a.m.k. tíu vikna í senn með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara m.v. vikuskil. Að öðru leiti fer með vinnutíma eins og segir í aðalkjarasamningi.

4.2. Vinnutími starfsmanna telst frá því þeir koma til vinnu samkvæmt kvaðningu verkstjóra. Starfsmenn skiptast á um að fara í umsamið neysluhlé

AA

Handwritten initials and signature.

sbr. grein 3.4. enda stöðvist ekki vinna við það (t.d. verður skemmum ekki lokað).

4.3. Á hádegi skal starfsmönnum tilkynnt, ef vinna á lengur en til kl. 16:00, hvar vinna á og hverjir, svo og áformuð verklok. Starfsmenn sem ekki óska að vinna kvöldvinnu, skulu þá strax tilkynna það verkstjóra eða trúnaðarmanni, sem tilkynnir það verkstjóra þegar í stað. Þegar unnið er lengur en til kl. 17:00 er 15 mín. neysluhlé á tímabilinu kl. 16:00 til 16:30 og verður þá boðið upp á léttu hressingu á vinnustað. Starfsmenn taki neysluhlé til skiptis, en án frádráttar á tíma, enda stöðvist vinna ekki.

4.4. Greiddar verði 13 mín. í yfirvinnu fyrir sveigjanlegan neyslutíma. Greiðslan miðast við órofa vinnu frá upphafi til loka vinnudags, að frátöldu neysluhléi og kemur m.a. í stað þvottatíma og miðast við að vinna stöðvist ekki.

## 5.0. Mötuneyti.

5.1. Eimskip skal reka/eða sjá til þess að rekin séu mötuneyti á vinnustað fyrir starfsmenn. Starfsmenn greiða fyrir matinn sem svarar hráefnisverði en kaffibrauð sem svarar innkaupsverði.

Starfsmenn sem vinna lengur en fjóra tíma á aukavakt fá sér að kostnaðarlausu heitan mat í mötuneyti Sundahafnar á matmálstímum.

## 6.0. Vinnufatnaður.

6.1. Starfsmaður fær úthlutað vinnufatnaði samkvæmt reglum fyrirtækisins. Láti starfsmaður af störfum skal hann skila vinnufatnaði, ella greiði hann sem svarar innkaupsverði.

6.2. Starfsmenn sem af öryggisástæðum þurfa á sérstökum öryggisskóm að halda skulu eiga rétt á einu pari á ári fyrir allt að 10.500 krónur. Upphæðin verður endurskoðuð árlega með tilliti til verðbreytinga á öryggisskóm.

## 7.0. Starfsreynsla.

7.1. Við mat á starfsreynslu til launþrepa skal taka fullt tillit til starfa hjá öðru skipafélagi. Áunnin starfsreynsla hjá einu skipafélagi nýtist því að fullu hjá öðru, enda hafi hlé frá hafnarvinnu verið innan við tvö ár. Hafi hléið verið lengra skal taka eðlilegt tillit til starfsreynslu.

AP

JH 13  
JH

7.2. Haldin skal skrá yfir starfsaldur starfsmanns og skal aðaltrúnaðarmaður Eflingar – stéttarfélags hafa fullan aðgang að slíkri skrá ásamt gögnum sem hún byggir á. (Vottorð um fyrri störf o.s.frv).

## 8.0. Vinnutilhögun og námskeið.

8.1. Hafnarvinna er sérhæft starf. Starfsmenn skulu þjálfaðir við fermingu og affermingu skipa og meðferð vöru í landi. Þá verði komið á námskeiðum í brunavörnum og öryggismálum. Verði námskeiðin haldin utan vinnutíma fái starfsmenn greidd laun meðan á þeim stendur. Sæki starfsmenn skv. ósk eða að fengnu samþykki Eimskips, námskeið Vinnueftirlits ríkisins, er nýtast munu þeim í starfi í þágu félagsins, skal Eimskip greiða námskeiðsgjald

8.2. Til þess að auka á fjölhæfni starfsmanna skulu þeir flytjast milli starfa og m.a. þannig þjálfaðir við sem flest af þeim störfum, sem framkvæma þarf. Samkvæmt ofanskráðu teljast menn sérhæfðir starfsmenn, er geta sinnt flestum þeim störfum er inna þarf af hendi í hafnarvinnu.

8.3. Fjöldi starfsmanna við hvert verk miðast við þarfir hverju sinni og það sem hagkvæmt þykir að mati stjórnenda. Telji trúnaðarmenn að mönnun við einstök verk sé ófullnægjandi skulu þeir gera verkstjórum/deildarstjórum viðvart.

8.4. Á krönum í samfelldri hafnarvinnu við losun og lestun skipa skal af öryggisástæðum viðhöfð skiptivinna. Á Jakanum skulu ávallt starfa tveir menn á hvorri vakt.

8.5. Heimilt er að stjórnendur lyftara í þjónustudeild/vöruafgreiðslu vinni jöfnum höndum í handverksstörfum enda leiði það ekki til óhóflegs vinnuálags.

Heimilt er að flytja stjórnendur annarra lyftara dráttar-, sendi- og vörubíla og krana á milli þessara tækja, enda hafi þeir tilskilin réttindi.

8.6. Við sérstaklega erfiðar aðstæður eða mikið álag s.s. þar sem útblástur eða hávaði dísilknúinna tækja er mikill, skal öllum starfsmönnum gefin kostur á reglubundnum afleysingum og ganga þá til annarra óskyldra starfa.

8.7. Leitast skal við að breytingar þær á vinnufyrirkomulagi, er í samningi þessum felast verði jafnað sem mest á hlutaðeigandi starfsmenn.

Áf

Jónir  
Jón

## 9.0. Kauptaxtar.

9.1. Starfsmenn raðast í launaflokka samkvæmt aðalkjarasamningi Eflingar - stéttarfélags og SA eins og hér segir:

Hafnarvinna I	9
Hafnarvinna II	11
Hafnarvinna III	12

Starfsmenn sem vinna á vöktum sem ná inn á tímabilið 00:00-08:00 fá til viðbótar tveggja launaflokka hækkun.

Ofangreindar launaflokkahækkunarir gilda á meðan vinnufyrirkomulag viðkomandi starfsmanns er með ofangreindum hætti en fellur niður með kjarasamningsbundnum fyrirvara ef vinnufyrirkomulag starfsmanns breytist.

Skilgreining launaflokka:

### Hafnarvinna I

Almenn vinna, þ.m.t. pakkhúsvinna, vinna í frystigeymslu, frystilestum skipa, vindu- og lúgumenn, hliðverðir, gámatæming og fylling, gámahreinsun.

### Hafnarvinna II

Stjórnendur lyftara með allt að 10 tonna lyftigetu, m.v. 0,6 m hlassmiðju, sem lokið hafa áskildu grunnnámskeiði skv. reglum nr. 198/1983 um réttindi til að stjórna vinnuvélum. Starfsmenn við frystigámatengla.

### Hafnarvinna III

Stjórnendur vinnuvéla með fyllstu réttindi, mikla starfsreynslu hjá viðkomandi fyrirtæki, við vinnu á stærstu tækjum og / eða hlutdeild í stjórnun. Stjórnendur dráttarbíla. Móttökustjórar og flokksstjórar.

Laun eru greidd mánaðarlega inn á bankareikning starfsmanns. Um uppgjör yfirvinnu fer skv. samkomulagi við starfsmenn. Launaseðill er póstsundur til starfsmanns óski hann þess.

ÁP

H257  
Ry

## 10.0. Öryggismál og trúnaðarmenn.

10.1. Eimskip skal í samvinnu við starfsmenn skipuleggja öryggis- og slysavarnir á vinnustað, sbr. lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980. Öryggisnefnd fyrirtækisins skal starfa á grundvelli laganna og fjalla um öll þau mál sem undir lögin falla.

10.2. Trúnaðarmönnum skal heimilt að funda með starfsmönnum einn klukkutíma á mánuði í vinnutíma á vinnustað. Um boðun funda fer skv. aðalkjarasamningi Eflingar og SA.

## 11.0. Gildistími.

11.1. Samningur þessi hefur sama gildistíma og aðalsamningur Eflingar – stéttarfélags við Samtök atvinnulífsins og skoðast sem hluti hans.

## Bókanir

### Samráð við aðaltrúnaðarmann vegna mötuneytismála

Eimskip hefur samráð við aðaltrúnaðarmann varðandi tilhögun mötuneytis. Aðaltrúnaðarmaður hafi aðgang að innkaupanótum hráefnis og fái að fylgjast með samningum við fyrirtæki um innkaup á tilbúnum mat og meðlæti ef hann óskar þess. Telji aðaltrúnaðarmaður ástæðu til, getur hann kallað til tvo menn sér til ráðuneytis.

### Álagsgreiðsla

Þeir starfsmenn skipaafgreiðslu sem vinna á veðurdekki skipa á meðan losun og lestun fer fram fá 12,5% álag á greiddan daglaunataxta á tímabilinu kl. 08:00 – 24:00.

### Bókun um viðræður

Aðilar eru sammála um að taka á samningstímanum upp viðræður um endurskoðun á 3. kafla kjarasamnings þessa og getur hvor samningsaðilinn haft frumkvæði að slíkum viðræðum. Verður þá skipuð nefnd með þremur fulltrúum frá hvorum aðila. Nefndinni er ætlað að kanna kosti þess að taka upp skipulagða vaktavinnu sem náð geti til laugardaga, sunnudaga og helgidaga og gera drög að samningi þar um náist samstaða um breytingar. Samningur skal borinn undir starfsmenn í atkvæðagreiðslu.

Ef hópur starfsmanna hefur áhuga á að vinna á skipulögðum vöktum, sem nái til ofangreindra daga, er heimilt að semja um slíka vinnutilhögun enda verði umsamið vaktaálag 55% þessa daga.

JH2B  
JH

AP

## Launalaust leyfi

Starfsmenn sem unnið hafa í 10 ár eða lengur hjá Eimskip geta óskað eftir launalausum leyfi í allt að hálfu ári og geta gengið í sömu störf að því loknu, ef því verður við komið. Ef starfsmaður tekur við öðru starfi að loknu launalausum leyfi þarf þriggja mánaða fyrirvara til breytinga á föstum mánaðarlaunum og starfstengdum álögum. Almennur gagnkvæmur uppsagnarfrestur gildir í launalausum leyfi starfsmanns.

## Kaffihlé

Starfsmenn sem hefja störf við losun sjóbúnings á farmi áður en önnur vinna hefst að morgni eiga rétt á hressingu á starfsstöðinni innan þriggja til fjögurra klukkustunda frá því þeir komu til vinnu, án þess að það hafi áhrif á gang vinnunnar.

## Hlaupakaffi

Starfsmenn sem hefja vinnu klukkan sex að morgni eiga eins og verið hefur rétt á hlaupakaffi á starfsstöðinni innan þriggja klukkustunda frá því þeir komu til vinnu, án þess að það hafi áhrif á gang vinnunnar.

## Námskeiðsnefnd

Samningsaðilar eru sammála um að á samningstímanum starfi fjögurra manna námskeiðsnefnd skipuð tveimur fulltrúum starfsmanna og tveimur fulltrúum Eimskips. Nefndin skili tilhögun um hvort og hvernig megi koma á námskeiðum til þess að efla sí- og starfsmenntun starfsmanna.

JH 25

Reykjavík 16. febrúar 2008

F.h. Samtaka atvinnulífsins  
vegna H.f. Eimskipafélags Íslands.

Jóh. H. Þyngur  
Kjartanur Jónsson  
Guðmundur Níelsson  
Harður Elmi Lishánsd.  
Guðmundur Aðalsteinn

F.h. Eflingar – stéttarfélag

Ágúst Þorbjörnsson  
Hilmar Freyr Sveinþórsson  
Halldór Þ. Björnsson